

Nd.

227. Frumvarp til laga

um afnám laga nr. 30 9. jan. 1935, um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl.

Flm.: Gísli Sveinsson, Ólafur Thors, Jakob Möller, Pétur Halldórsson,
Guðbr. Ísberg, Sigurður Kristjánsson, Garðar Þorsteinsson.

1. gr.

Lög nr. 30 9. jan. 1935, um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl., eru úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Einkasölu­lög þau, sem hér um ræðir, voru knúin fram á Alþingi þvert ofan í rökstudd mótmæli þeirra, er þekkingu höfðu á málinu. Framkvæmd laganna hefir og verið með þeim ódæmum, sem lýst var á síðasta þingi, en þar sem bót hefir enn eigi fengizt á þessu, og lög­in vafalaust verka áfram til skaðsemdar, þykir rétt og tímabært að leggja til, að þau verði numin úr gildi þegar í stað.

Nánar í framsögu.